

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2014****203-2015i****frá 30. september 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 38.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 541/2011 frá 1. júní 2011 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi virk efni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2011 frá 8. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um merkingar á plöntuverndarvörum ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi virk efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽¹⁰⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 187.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 67.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 176.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 85.

- 11) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 falla úr gildi tilskipanir ráðsins 79/117/EBE⁽¹⁾ og 91/414/EBE⁽²⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær út EES-samningnum.
- 12) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 283/2013 fellur úr gildi reglugerð (ESB) nr. 544/2011, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 13) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 284/2013 fellur úr gildi reglugerð (ESB) nr. 545/2011, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 14) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 12zzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013):

„13. **32009 R 1107**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) EFTA-ríkjunum er frjálst að takmarka aðgang plöntuvarnarefna, sem innihalda virk efni sem hafa verið samþykkt í samræmi við tilskipun ráðsins 91/414/EBE eða umbreytingarráðstafanir í 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að mörkuðum sínum.
- b) EFTA-ríkin, að Liechtenstein undanskildu, geta verið „skýrsluaðildarríki“ og „meðskýrslugjafi“.
- c) Eftirfarandi bætist við í 18. gr.:
„Úthlutun til EFTA-ríkis á mati á virkum efnum samkvæmt stafl. f) í 18. gr. er með fyrirvara um samþykki viðkomandi ríkis.“
- d) Eftirfarandi bætist við í 4. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 42. gr.:
„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal 120 daga fresturinn í fyrsta lagi vera frá þeim degi þegar löggin um viðurkenningu á virkum efnum í plöntuverndarvöru hafa verið felld inn í samning þennan.“
- e) Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 47. gr.:
„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal 120 daga fresturinn í fyrsta lagi vera frá þeim degi þegar löggin um viðurkenningu á virkum efnum í áhættulitilli plöntuverndarvöru hafa verið felld inn í samning þennan.“
- f) Eftirfarandi bætist við í 48. gr.:
„EFTA-ríkjunum er frjálst að takmarka aðgang plöntuvarndarvara sem innihalda erfðabreyttar lífverur að mörkuðum sínum, þegar ráðstafanir til að takmarka eða banna þær lífverur hafa verið gerðar samkvæmt 23. gr. tilskipunar 2001/18/EB, samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að samningi þessum.“
- g) Ákvæði 49. gr. taka ekki til Liechtensteins.
- h) Ákvæði 6. mgr. 80. gr. hljóði svo:
„Plöntuverndarvörur sem hafa verið leyfðar í samræmi við landsákvæði sem voru í gildi þegar leyfið var veitt má áfram setja á markað þar til plöntuverndarvaran hefur verið metin með tilliti til áhættu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1107/2009.“
- i) Eftirfarandi bætist við í „Svæði A – Norður“ í I. viðauka:
„Ísland, Noregur“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

j) Eftirfarandi bætist við í „Svæði B – Miðja“ í I. viðauka:

„Liechtenstein“

13a. **32011 R 0540:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 38, eins og henni var breytt með:

– **32011 R 0541:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 541/2011 frá 1. júní 2011 (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 187).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkjunum er frjálst að takmarka aðgang plöntuvarnarefna, sem innihalda virk efni sem hafa verið samþykkt í samræmi við tilskipun ráðsins 91/414/EBE eða umbreytingarráðstafanir í 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að mörkuðum sínum.

13b. **32011 R 0544:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi virk efni (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 1).

13c. **32011 R 0545:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 67).

13d. **32011 R 0546:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar samræmdar meginreglur um mat á og leyfi fyrir plöntuverndarvörum (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 127).

13e. **32011 R 0547:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2011 frá 8. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um merkingar á plöntuverndarvörum (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 176).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni **HShei 1** í lið 1.1 í II. viðauka:

„IS: Eitrað í snertingu við augu.“

NO: Giftig ved öyekontakt.“

b) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni **HShei 2** í lið 1.1 í II. viðauka:

„IS: Getur valdið ljósnæmingu.“

NO: Kan gi overfølsomhet for sollys/UV-stråling.“

c) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni **HShei 3** í lið 1.1 í II. viðauka:

„IS: Efnið brennir húð og augu í snertingu við gufu og veldur kali í snertingu við vökva.“

NO: Kontakt med damp virker etsende på hud og øyne, og kontakt med væske gir frostskaade.“

d) Eftirfarandi bætist við í skrána í 1. lið III. viðauka:

„IS: Mengið ekki vatn með efnum eða íláti þess. (Hreinsið ekki búnað nálægt yfirborðsvatni/ Koma skal í veg fyrir að mengun verði með afrennsli frá bæjarhlöðum og vegum.)“

NO: Unngå forurensning av vannmiljøet med produktet eller emballasjen. (Ikke rengjør spredeutstyr nær overflatevann/unngå forurensning via avrenning fra gårdsplasser og veier).“

e) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni „Sértæk ákvæði“ í lið 2.1 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnot 1**:

„IS: Ef efnið kemst í snertingu við húð skal fyrst hreinsa það af með þurrum klút og skola síðan húðina með miklu vatni.“

NO: Etter kontakt med huden, fjern først produktet med en tørr klut, og vask deretter med mye vann.“

- f) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni „Sértæk ákvæði“ í lið 2.1 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnot 2**:

„IS: Þvoið allan hlífðarfatnað að lokinni notkun.

NO: Vask alt personlig verneutstyr etter bruk.“

- g) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni „Sértæk ákvæði“ í lið 2.1 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnot 3**:

„IS: Forðist innöndun reyks eftir að kveikt hefur verið í efninu og yfirgefið þegar í stað svæðið sem er til meðhöndlunar.

NO: Pust ikke inn røyken etter at produktet har antent, og forlat det behandlede området øyeblikkelig.“

- h) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni „Sértæk ákvæði“ í lið 2.1 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnot 4**:

„IS: Opna skal ílátið utanhúss og við þurr skilyrði.

NO: Beholderen skal åpnes utendørs og under tørre forhold.“

- i) Eftirfarandi bætist við í skrána undir fyrirsögninni „Sértæk ákvæði“ í lið 2.1 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnot 5**:

„IS: Loftræsta skal úðuð svæði/gróðurhús (vandlega/eða í tilgreindan tíma/þar til úðinn hefur þornað) áður en farið er þangað inn aftur.

NO: De behandlede områder/veksthus ventileres (grundig/eller angivelse av tid/inntil produktet har tørket) før man oppholder seg der igjen.“

- j) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 1**:

„IS: Til að vernda grunnvatn/jarðvegslífverur skal ekki nota þetta eða annað efni sem inniheldur (tilgreinið virkt efni eða flokk virkra efna eftir því sem við á) lengur eða oftar en (tilgreinið hversu lengi eða oft má nota efnið).

NO: For å beskytte (grunnvannet/jordlevende organismer) må dette produktet eller andre produkter som inneholder (angi navnet på virksomt stoff eller gruppe av virksomme stoffer) kun brukes/ikke brukes mer enn (angi tidsperiode eller antall behandlinger).“

- k) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 2**:

„IS: Til að vernda grunnvatn/vatnalífverur skal ekki nota þetta efni (á tilgreinda jarðvegsgærð eða við tilgreindar aðstæður).

NO: For å beskytte (grunnvannet/vannlevende organismer) må dette produktet ikke brukes (på beskrevet jordtype eller under beskrevne forhold).“

- l) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 3**:

„IS: Til að vernda vatnalífverur/plöntur utan markhóps/liðdýr utan markhóps/skordýr má ekki nota efnið nær óræktuðu landi/yfirborðsvatni en (tilgreind breidd svæðis sem er óheimilt að úða).

NO: For å beskytte (vannlevende organismer/viltlevende planter/insekter/leddyr) må dette produktet ikke brukes nærmere enn (angi avstand) fra (overflatevann/kantvegetasjon).“

- m) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 4**:

„IS: Til að vernda vatnalífverur/plöntur utan markhóps má ekki nota efnið á malbikað, steinsteypt, hellulagt eða malarborið yfirborð eða vegi (járnbrautarspor) eða önnur svæði þar sem hætt er við afrennsli út í umhverfið.

NO: For å beskytte (vannlevende organismer/viltlevende planter) må dette produktet ikke brukes på harde overflater som asfalterte, betong-, brostein- eller gruslagte områder og veier/jernbane, eller på andre områder med stor risiko for avrenning.“

- n) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 5**:
- „IS: Til að vernda fugla/villt spendýr verður að gæta þess vandlega að efnið sé algerlega hulið jarðvegi; gætið þess sérstaklega að efnið sé hulið í endum raða.
- NO: For å beskytte (fugler/ville pattedyr) skal produktet innblandes i jorden. Sørg også for at produktet er helt innblandet i enden av radene.“
- o) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 6**:
- „IS: Hreinsið upp allt efni, sem hefur farið til spillis, til að vernda fugla/villt spendýr.
- NO: For å beskytte (fugler/ville pattedyr) skal alt søl fjernes.“
- p) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 7**:
- „IS: Óheimilt er að nota efnið á varptíma fugla.
- NO: Må ikke brukes i fuglenes hekketid.“
- q) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.2 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRumh 8**:
- „IS: Hættulegt frævandi skordýrum/Til að vernda býflugur og önnur frævandi skordýr er óheimilt að nota efnið á blómstrandi nytjaplöntur/Óheimilt er að nota efnið þar sem býflugur eru í fæðuleit/Fjarlægð býkúpur meðan meðhöndlun með efninu fer fram eða hyljið þær á meðan og í (tilgreinið tíma) að lokinni meðhöndlun/Óheimilt er að nota efnið ef blómstrandi illgresi er til staðar/Eyða skal illgresi áður en það blómgastr/Óheimilt er að nota efnið fyrir (tilgreinið tíma).
- NO: Farlig for bier./For å beskytte bier og andre pollinerende insekter må dette produkt ikke brukes mens kulturen blomstrer./Må ikke brukes der biene søker næring./Dekk til eller flytt bikuber i behandlingsperioden og i (nevn antall timer/dager) etter behandlingen./Må ikke brukes i nærheten av blomstrende ugress./Fjern ugresset før det blomstrer./Må ikke brukes før (tidspunkt).“
- r) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.3 í III. viðauka:
- „IS: Til að koma í veg fyrir þolmyndun skal ekki nota þetta eða annað varnarefni sem inniheldur (tilgreinið virkt efni eða flokk virkra efna eftir því sem við á) oftast eða lengur en (tilgreinið hversu oft eða lengi má nota efnið).
- NO: For å unngå utvikling av resistens må dette produkt eller andre produkter som inneholder (angi virksomt stoff eller gruppe av virksomme stoffer) kun brukes/ikke brukes mer enn (i tidsperioden eller antall ganger).“
- s) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.4 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnag 1**:
- „IS: Beitu skal komið fyrir þannig að ekki sé hætta á að önnur dýr komist í hana. Festa skal beituna tryggilega þannig að nagdýr geti ekki dregið hana í burtu.
- NO: Produktet skal plasseres på en slik måte at risikoen for at andre dyr kan innta produktet minimeres. Pass på at produkt i blokkform ikke kan flyttes vekk av de gnagere som skal bekjempes.“
- t) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.4 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnag 2**:
- „IS: Auðkennið svæðið, sem meðhöndla á, meðan á meðhöndlun stendur. Varað skal við hættunni á að verða fyrir eitrun (beinni eða óbeinni) af völdum storkuvarans og tilgreina skal móteitrið við honum.
- NO: Det behandlede området skal merkes i behandlingsperioden. Faren for forgiftning (primær eller sekundær) ved inntak av antikoaguleringsmidler, samt motgift, skal angis på oppslag.“
- u) Eftirfarandi bætist við í skrána í lið 2.4 í III. viðauka undir fyrirsögninni **VRnag 3**:
- „IS: Hræ nagdýra skulu fjarlægð daglega af meðhöndlaða svæðinu meðan meðhöndlun stendur yfir. Ekki má setja hræin í opin sorpilát.
- NO: Døde gnagere skal fjernes fra behandlingsområdet hver dag. Døde gnagere må ikke plasseres i åpne avfallsbeholdere.“

- 13f. **32012 R 0844**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).“
2. Texti liðar 13b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 544/2011) hljóði svo:
- „**32013 R 0283**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 283/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi virk efni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 1).“
3. Texti liðar 13c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011) hljóði svo:
- „**32013 R 0284**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 85).“

2. gr.

Texti 6. liðar (tilskipun ráðsins 79/117/EBE) og liðar 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn falli brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 540/2011, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 38, (ESB) nr. 541/2011, (ESB) nr. 544/2011, (ESB) nr. 545/2011, (ESB) nr. 546/2011, (ESB) nr. 547/2011, (ESB) nr. 844/2012, (ESB) nr. 283/2013 og (ESB) nr. 284/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

Að því er varðar Liechtenstein, skal þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast gildi sama dag, eða gildistökudag samnings milli Liechtensteins og Austurríkis þar sem mælt er fyrir um samstarf á sviði málsmeðferðar við leyfisveitingu fyrir plöntuverndarvörur og hjálparefni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, hvort sem ber upp síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.